| 11. Hús Jóns Jónssonar, nr. 68 a við Hverfisgötu                                  | 944    | 27096.00 |
| 12. Hús Kristínar Hagbarð, nr. 26 við Laugaveg                                    | 293    | 31279.00 |
| 13. Hús Markúsar Ivarssonar og Sigurðar Sívertsens, við Sólvallagötu              | 2260   | 88547.00 |
| 14. Hús Baldurs Benediktssonar og Þórðar Nikuæssonar, nr. 88 við Hverfisgötu      | 2275   | 28504.00 |
| 15. Hús Jóns Magnússonar, nr. 41 við Njarðargötu                                  | 2286   | 18370.00 |
| 16. Hús Guðmundar Guðmundssonar, Garðsauki við Kaplaskjólsvæg                     | 2295   | 2520.00  |
| 17. Hús Ólafs Halldórssonar, Sindri við Kaplaskjólsvæg                            | 2296   | 4392.00  |

II. Fundargerð byggingarnefndar 2. apríl lögð fram.

- Till. meiri hl. í 1. lið samþ. með 9:1 atkv.
- 2.-34. liður samþ. með shlj. atkv.
- 35. liður samþ. með 6:4 atkv.
- 36. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignarnefndar frá 2. apríl lögð fram.

- 1.-2. liður samþ. með shlj. atkv.
- Till. um að fresta 3. lið samþ. með 6:1 atkv.
- 4.-7. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 24. marz lögð fram.

- 9. liður samþ. með shlj. atkv.

Brtt. við 10. lið, um að í stað "5000 kr." komi  
400 kr. - fellð með 6:2 atkv.

Till. meiri hl. í lo. lið samþ. með 9:1 atkv.

- V. Fundargerð hafnarnefndar frá 4. apríl lögð fram og  
samþ. í heild með shlj. atkv.
- VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 5. apríl lögð fram.
- VII. Lagður fram úttáttur úr fundargerð heilbrigðisnefndar  
frá 31. marz. (Um löggildingu mjólkurbúða).  
Tillögur nefndarinnar samþ. með shlj. atkv.
- VIII. Fundargerð kjörskrárnefndar frá 2. apríl lögð fram  
og samþ með shlj. atkv.
- IX. Samþ. við 2. umr. með 10:2 atkv. 1000 kr. styrkveiting  
til Guðmundar Kambans til leiksýninga. (Sjá  
fundargerð fjárhagsnefndar 15. marz, 1. lið.).
- X. Tillaga byggingarnefndar í 11. lið fundargerðar nefndarinnar  
þæ 31. jan. um skipulag í Vesturbænum (á Hóla-  
velli og Landakotstúni) fellð við 2. umræðu  
með 6:4 atkv.
- XI. Lagt fram frumvarp til reglugerðar fyrir íþróttavöll-  
inn á Melunum.  
Till. frá Ólafi Friðrikssyni um að vísa málinu  
til 2. umr. samþ. með 7:4 atkv.

Í sambandi við dagskrármálið flutti Björn Ólafsson  
svo hljóðandi tillögu:

"Ég legg til að borgarstjóra f.h. bæjarstjórnar  
verði falið að gefa Íþróttafélagi Reykjavíkur  
íslenskan silkifána í tilefni af Noregsför fé-  
lagsins."

Till. samþ. með shlj. atkv.

- XII. Útsvarsmál tekin til meðferðar, og viku áheyrendur af  
fundarstað.
1. Sigurður Guðmundsson, Laugavegi 71. -  
Útvar hans fært niður í 25 kr. (Úr 110 kr.) atkv.
  2. Guðjón Sigurðsson, Amtmannsstíg 3. -  
Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.20.

K. Zimsen. H. Guðmundsson. Guðm. Ásbjörnsson. Stefán  
Jóhann Stefánsson. Ólafur Friðriksson. Hallbjörn Halldórs-  
son. Þórður Sveinsson. Ágúst Jósefsson. Björn Ólafsson.  
Jón Ásbjörnsson. Jónatan Þorsteinsson. Pétur Magnússon.  
Pétur Halldórsson. Hallgrímur Benediktsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 5. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson. Jónatan Þorsteinsson kom skömmu eftir fundarsetningu, Pétur Magnússon listu síðar, Björn Ólafsson og Jón Ólafsson. - Héðinn Valdimarsson kom kl. 5.55.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. apríl lögð fram og samþ. í heild með 8:1 atkv.
- III. Fundargerð fasteignarnefndar frá 3. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð fátækranefndar frá 28. apríl lögð fram. 18. liður samþ. með shlj. atkv.
- V. Fundargerð hafnarnefndar frá 2. maí lögð fram. Haraldur Guðmundsson flutti svo hljóðandi tillögu: "Legg til að afgreiðsla 3. liðs og umræðum um hann sé frestað til næsta fundar." Tillagan samþ. með 7:6 atkv.
  1. liður fundargerðarinnar samþ. með 5:3 atkv.
- VI. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 2. maí lögð fram. Pétur Magnússon flutti breytingartillögu við 1.lið: "Í stað "55 aura kwst" komi: 60 aura kwst. Fyrri hl. 1.liðs (hækkun hundagjalda) samþ. með 8:6 atkv. Breytingartillaga Péturs Magnússonar felld með 9:5 atkv. Síðari hl. 1. liðs (hækkun ljósagjæða í 55 aura kwst.) samþ. með shlj.
  - 2.-8. liður fundargerðarinnar samþ. með shlj. atkv.
- VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. maí lögð fram
- VIII. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 9. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- IX. Samþ. við 2. umræðu með 9shlj. atkv. kaup á Elliðavatni. (sbr. 3. lið fundargerðar fjárhagsnefndar 5. apr.).
- X. Frumvarp til reglugerðar fyrir íþróttavöllinn tekið til meðferðar við 2. umr.
  - Ólafur Friðriksson flutti þessar breytingartillögur:
    1. Við 1. gr. "Aftan við orðið "íþróttafélögum" í 5. línu komi: og skólum.- Orðin "innan vébanda sambandsins" falli niður.
    2. Við 5. gr. Orðin "or eru á vegum Íþróttasambands Íslands" í 6. og 7. línu greinarinnar falli niður.
    3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:

Þau félögeða þeir skólar, sem óska að halda leika, sýningu eða íbróttamót á vellinum, skulu sækja um það til vallarstjórnar 225 a.m.k. mánuði áður en mótið á að fara fram.

4. Við 13. gr.

Á eftir orðunum "kl. 11/4 síðdegis" í 3. líu komi: nema sérstakrt leyfi vallarstjórnar komi til.

5. Við 5. gr.

Aftan við greinina bætist:

Bæjarstjórn getur breytt reglugerð þessari þegar henni þurfa þykir.

Brtt. Ól.Fr. við 1. gr. felld með 7:5 atkv.

1.-4. gr. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Ól. Fr. við 5. gr. felld með 5:5 atkv.

5. gr. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Ól.Fr. við 6. gr. felld með 5:5 atkv.

6.-12. gr. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Ól.Fr. við 13. gr. samþ. með 10:1 atkv.

13. gr. svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.

14. gr. samþ. með shlj. atkv.

Brtt. Ól.Fr. við 15. gr. samþ. með shlj. atkv.

15. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.

Frumvarpið í heild, með áörnum breytingum,

samþ. með shlj. atkv.

XI. Erindi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, dags. 25. apríl, um breytingu á samþ. um lokunartíma sölubúða, lesið og lagt fram.

Í sambandi við málið flutti Stefán Jóhann Stefánsson svo hljóðandi tillögu til breytingar á samþ. á lokunartíma sölubúða í Reykjavík:

Við 3. gr.

Í stað orðanna "sumardaginn fyrsta og 2. ágúst" komi: sumardaginn fyrsta, 2. ágúst og 1. maí.

Tillaga um að vísa erindinu og tillögunni til bæjarlaganefndar samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 9:1 atkv.

Að tillögu borgarstjóra var samþykkt að ræða og og úrskurða 12. og 13. dagskrármál fyrir luktum dyrum, og viku áheyrendur af fundarstað.

XII. Útsvarsmál tekin til meðferðar, og féllu úrskurðir svo:

1. Dagfinnur Sveinbjörnsson.- Útsvar hans lækkað um 100 kr. (niður í 30 kr.).

2. Guðmundur Jónsson, járnsmiður.- Útsvar hans lækkað um 400 kr. (niður í 100).

3. Helgi Helgason, Vesturgötu 51 b. - Útsvarið skal óbreytt standa.

4. Jón Lúdvígsson kaupmaður.- Útsvar hans lækkað um 200 kr.

5. Kristjana Thorsteinsson. - Útsvar hennar fellt niður.

XIII. Lesnar umsóknir um meðmæli bæjarstjórnar til veitingaleufis, frá Steindóri Einarssyni í Ráðagerði og Jónasi Jónassyni, Spítalastíg 2.

Tillaga Jóns Ásbjörnssonar, um að vísa málinu til fjárhagsnefndar samþ. með 6:3 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.25.

K.Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Jónatan Þorsteinsson. Hallgr. Benediktsson. Stefán Jón. Stefánsson. Jón Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Magnússon.

Árið 1927, fimmtudaginn 19. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Agúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Pétur Magnússon, Jón Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson og Jónatan Þorsteinsson. - Björn Ólafsson kom á fund kl. 5.20, Héðinn Valdimarsson litlu síðar, Jón Ólafsson kl. 6.10.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. maí lögð fram og samþykkt í heild með samhljóða atkvæðum.
- II. Fundargerð fasteignarnefndar frá 17. maí lögð fram 1.-7. liður samþ. með shlj. atkv.  
Tillaga frá Ólafi Friðrikssyni um að fresta 8. lið felld með 8:7 atkv.  
Till. meiri hl. nefndarinnar í 8. lið samþ. með 8:1 atkv.
- III. Fundargerð fátækranefndar frá 12. maí lögð fram. Tillagan í 7. lið samþ. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð hafnarnefndar frá 9. maí lögð fram.
- V. Fundargerð hafnarnefndar frá 12. maí lögð fram. Tillaga frá Jóni Ásbjörnssyni um að hafa tvær umræður um málefni það, er í 1. lið getur, felld með 7:6 atkv. 1. liður samþ. með 9:3 atkv.
- VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 10. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 17. maí lögð fram. 1. liður samþ. með shlj. atkv.
- VIII. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 13. maí lögð fram.
- IX. Samþ. var með shlj. atkv. að taka á dagskrá:  
Fundargerð skólanefndar frá 13. maí.  
Fundargerðin samþ. með shlj. atkv.
- X.(9). Tillaga meiri hluta hafnarnefndar (í 3. lið fundargerðar nefndarinnar 2. maí) um sölu hafnarlóða við Tryggvagötu samþ. við 2. umr. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu  
já: Borgarstjóri, Björn Ólafsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Jón Ásbjörnsson, Jón Ólafsson, Jónatan Þorsteinsson, Pétur Halldórsson, Pétur Magnússon, Þórður Sveinsson.  
nei: Agúst Jósefsson, Hallbjörn Halldórsson, Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson.
- XI.(10.). Samþ. með shlj. atkv. að mæla með að veita Jónasi Jónssyni, Spítalastíg 2, veitinfaleyfi (samkv. tillögu fjárhagsnefndar í 2. lið fundargerðar 17. maí).  
Fundu slitið kl. 8.30.
- K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Héðinn Valdimarsson. Jón Ásbjörnsson. Pétur Magnússon. Jónatan Þorsteinsson. Hallbjörn Halldórsson. Agúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Hallgr. Benediktsson. Jón Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Stefán Jóh. Stefánsson. Þórður Sveinsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 2. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.

Hallgrímur Benediktsson kom skömmu eftir fundarsetningu, Pétur Magnússon og Stefán Jóhann Stefánsson nokkru síðar, Jónatan Þorsteinsson kl. 5.55.

Fundar Petta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. maí lögð fram og samþykkt í heild með shlj. atkv.
- II. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. júní lögð fram og samþykkt í heild með shlj. atkv.
- III. Fundargerð fasteignarnefndar frá 31. maí lögð fram
  1. liður samþ. með shlj. atkv.
  2. liður vísað til 2. umr.
  - 3.-8. liður samþ. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 20. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- V. Fundargerð kjörskrárnefndar frá 24. maí lögð fram.
  1. liður samþ. með shlj. atkv.
  5. Við 2. lið flutti Ólafur Friðriksson svo hljóðandi breytingartillögu:  
"Guðbrandur Jónsson, Lindargötu 41, sé tekinn inn á kjörskrá."  
Tillagan samþ. með samhljóða atkv.
  3. liður samþ. með shlj. atkv.Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu, samþ. með shlj. atkv.
- VI. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 31. maí lögð fram.
- VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 31. maí lögð fram.
  3. liður samþ. með 8:1 atkv.Í sambandi við 5. lið flutti nefndin þessa tillögi:  
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að senda yfirskattanefnd að senda umkvartanir þær, sem honum hafa borizt yfir útsvörum 1927."  
Tillagan var samþ. með 8:3 atkv.
- VIII. Samþ. með shlj. atkv. till. fjárhagsnefndar í 1. liðfundargerðar hennar 31. maí, um kaup á Dimmuengi, með þessari viðbót við till.: með þeim skilyrðum, sem bókuð eru í 9. lið fundargerðar fasteignarnefndar.
- IX. Kosnir í yfirkjörstjórn við alþingiskosningarnar 9. júlí næskomandi.:  
Úr bæjarstjórn:  
Ólafur Friðriksson.  
Utan bæjarstjórnar:  
Magnús Sigurðsson, bankastjóri.  
Til vara:  
Úr bæjarstjórn: Pétur Magnússon.  
Utan bæjarstjórnar: Ólafur Lárusson, prófessor.

Arið 1927, fimtadaginn 16. júní, var reglulegur fundur haldinn í býarsjórninni. Fundarinn var settur kl. 7.10

X. Útsvarsmál tekin til meðferðar, og viku áheyrendur af fundarstað.

1. Jónas Jónsson, Þórsgötu 14.- Útsvar hans 1926 lækkað um 50 kr., niður í 50 kr.

2. Pálmi Vilhjálmsson, Hverfisgötu 89.- Útsvar hans lækkað um 220 kr., niður í 100 krónur.

I. Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.35.

II. Fundargerð fasteignisfundar frá 1. júní fram, og K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Hallgr. Benediktsson. H. Guðmundsson. Jón Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hallbjörn Halldórsson. Þórður Sveinsson. Héðinn Valdimarsson. Ólafur Friðriksson (handsalað). Jónatan Þorsteinsson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Jón Ólafsson.

Fr. um lóðaleigu vissu til 3. var.  
I sambandi við 4. lið flutti Jón Ásbjörnsson þessa tillögu:  
"Býarsjórnin ályktar að fara fasteignisfund að gera tillögur um söluverð og skuldskið 4 byggingarlóðum býarsjórnar, þar á meðal einnig 4 lóðum".  
Tillagan samþ. með 6/4 atkv.  
5. liður fundarg. 14. júní samþ. með 6/4 atkv.

III. Fundargerð ráðgjafarfundar frá 9. júní lögð fram.  
7. liður samþ. með 6/4 atkv.

IV. Fundargerð býarsjórnarfundar frá 16. júní lögð fram.  
Fyrri málgrein samþ. með 6/4 atkv.  
Tillaga Stefáns Jóhanna Stefánssonar, sem í 2. málgrein getur, og hóstað er í 21. dagskrárlit býarsjórnarfundar 3. maí, felld með 6/4 atkv.

V. Fundargerð kjörkrárfundar frá 14. júní lögð fram og samþ. í heild með 6/4 atkv.

VI. Lagður fram áskráður fundargerð heilbrigðisfundar 7. júní.  
Till. nefndarinnar samþ. með 6/4 atkv.

VII. Samþ. við 2. var. með 6/4 atkv. kaup á Litla-Kleppi. (Sjá 2. lið fundargerðar fasteignisfundar 31. maí).

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.  
Fundi slitið kl. 7.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. H. Benediktsson. Jón Ólafsson. Jón Ásbjörnsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Hallbjörn Halldórsson. Pétur Magnússon.



Árið 1927, fimmtudaginn 16. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson (forseti), Hallbjörn Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Jón Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Jón Ólafsson. - Pétur Magnússon kom á fund kl. 5.55.

Björn Ólafsson og Haraldur Guðmundsson utanbæjar.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. júní lögð fram og samþykkt í heild með shlj. atkv.
- II. Fundargerð fasteignanefndar frá 14. júní lögð fram, og í sambandi við hana fundargerð sömu nefndar frá 7. júní of ennfremur frumvarp til samþykktar um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga.
  - 1.-3. liður fundarg. 14. júní samþ. með shlj. arkv.
  - Frv. um lóðaleigu vísað til 2. umr.
  - Í sambandi við 4. lið flutti Jón Ásbjörnsson þessa tillögu:

"Bæjarstjórnin ályktar að fela fasteignanefnd að gera tillögur um söluverð og söluskilmála á byggingarlóðum bæjarins, þar á meðal einnig á leigulóðum".
  - Tillagan samþ. með 6:4 atkv.
  5. liður fundarg. 14. júní samþ. með shlj. atkv.
- III. Fundargerð fátækranefndar frá 9. júní lögð fram.
  7. liður samþ. með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð bæjarlaganefndar frá 16. júní lögð fram.
  - Fyrri málsgrein samþ. með shlj. atkv.
  - Tillaga Stefáns Jóhanns Stefánssonar, sem í 2. málsgrein getur, og bókuð er í XI. dagskrárlið bæjarstjórnarfundar 5. maí, felld með 6:4 atkv.
- V. Fundargerð kjörskrárnefndar frá 14. júní lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- VI. Lagður fram útdráttur úr fundargerð heilbrigðisnefndar 7. júní.
  - Till. nefndarinnar samþ. með shlj. atkv.
- VII. Samþ. við 2. umr. með shlj. atkv. kaup á Litla-Kleppi. (Sjá 2. lið fundargerðar fasteignanefndar 31. maí).
18. Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. H. Benediktsson. Jón Ólafsson. Jón Ásbjörnsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Hallbjörn Halldórsson. Pétur Magnússon.

Arið 1927, fimmtudaginn 7. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson (forseti), Hallbjörn halldórsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóhann Srefánsson, Jón Ásbjörnsson, Hallgríur Benediktsson, Jón Ólafsson.- Þórður Sveinsson kom skömmu eftir fundarsetningu. Ágúst Jósefsson og Björn Ólafsson boðuðu forföll.- Haraldur Guðmundsson og Pétur Magnússon utanbæjar.

Þetta gerðist á fundinum:

| I. Brunabótavirðingar samþykktar:   |                     |           |
|---|---------------------|-----------|
|   | brbnr.:             | Krónur:   |
| 1. Hús Mekkinós Björnssonar,<br>nr. 21 við Bragagötu  | 1565                | 21055.00  |
| 2. Hús Sigurðar Björnssonar og Valgeirs<br>Jónssonar, nr. 55 við Bergstaðastræti 1572         |                     | 44454.00  |
| 3. Hús Marels Sigurðssonar,<br>nr. 43 við Njarðargötu   | 2294                | 19392.00  |
| 4. Hús Jóns Bjarnasonar og Geirlaugar Fil-<br>ippusdóttur, nr. 16b við Grettisgötu 1348       |                     | 16504.00  |
| 5. Hús Guðrúnar Jónsdóttur,<br>nr. 29 við Njarðargötu   | 2304                | 27697.00  |
| 6. Hús Guðmundar Finnbogasonar og Önnu Ás-<br>mundsdóttur, nr. 18 a Suðurgötu                 | 2303                | 80575.00  |
| 7. Hús Árna & Bjarna,<br>nr. 42 við Laugaveg  | 1261                | 172845.00 |
| 8. Hús Gunnars Gunnarssonar,<br>nr. 67 a við Laugaveg   | 2200                | 35960.00  |
| 9. Hús Jónasar Jónssonar og Valgerðar Kristinsdóttur,<br>nr. 66 við Hverfisgötu               | 609                 | 12791.00  |
| 10. Hús Einars E. Kvarans,<br>nr. 2 við Vonarstræti   | 1342                | 26832.00  |
| 11. Hús Sigurðar Gíslasonar<br>við Hringbraut   | 2178                | 2039.00   |
| 12. Hús C. Olsens,<br>Austurhlíð A við Laugaveg   | 1653                | 54393.00  |
| 13. Hús C. Olsens,<br>Austurhlíð við Laugaveg   | 1769 <del>xxx</del> | 12629.00  |
| 14. Hús J. Fengers,<br>Austurhlíð B við Laugaveg  | 3002                | 4365.00   |
| 15. Hús bræðranna Viggós og Haralds Jóhannes-<br>sona, Jófríðarstaðir við Kaplaskjólsvæg 2299 |                     | 16798.00  |
| 16. Hús Þormóðs Guðmundssonar<br>við Bárugötu   | 2305                | 32879.00  |
| 17. Hús Steindórs Einarssonar, Ráðagerði<br>við Sellandsstíg                                  | 258                 | 32288.00  |
| 18. Hús Marteins Halldórssonar,<br>nr. 4 við Brekkustíg                                       | 2301                | 20231.00  |
| 19. Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur,<br>við Geirsgötu   | 2311.               | 7161.00   |
| 20. Hús Ingibjargar Gunnarsdóttur,<br>nr. 27 við Skólavörðustíg                               | 462                 | 14706.00  |
| 21. Hús h/f Hita og ljóss,<br>nr. 20 b við Laugaveg   | 797                 | 95877.00  |
| 22. Hús Brynjólfs Björnssonar,<br>nr. 14 við Hverfisgötu                                      | 1301                | 54205.00  |
| 23. Hús Vigdísar Pétursdóttur,<br>nr. 1 við Veghúsastíg                                       | 567                 | 9497.00   |
| 24. Hús Páls Stefánssonar,<br>nr. 14 við Bergþórugötu   | 1781                | 20425.00  |

|  | brbnr. | Krónur:  |
|--|--------|----------|
| 25. Hús Sólmundar Jónssonar,<br>nr. 6, b við Bergþórugötu      | 2309   | 18550.00 |
| 26. Hús Sigurjóns Jónssonar,<br>nr. 4 við Þórsgötu             | 1583   | 22171.00 |
| 27. Hús Guðmundar Þorgrímssonar,<br>nr. 20 við Haðarstíg       | 2290   | 14160.00 |
| 28. Hús Guðrúnar Jónsdóttur,<br>nr. 31 við Njarðargötu         | 2312   | 29961.00 |
| 29. Hús Steinunnar Thordarsen,<br>nr. 6 við Bröttugötu         | 157    | 39036.00 |
| 30. Hús Magga Magnús,<br>nr. 30 b. við Hverfisgötu             | 381    | 5071.00  |
| 31. Hús Helgu Sigurðardóttur,<br>nr. 57 við Grettisgötu        | 720    | 17685.00 |
| 32. Hús Sylveríusar Hallgrí, ssonar,<br>Sæból við Laugarnesveg | 2307   | 5113.00  |
| 33. Hús Böðvars Jónssonar,<br>Melstaður við Laugarnesveg       | 2313   | 3071.00  |
| 34. Hús Ara B. Antonssonar, Laugaból<br>við Þvottalaugar       | 2314   | 6687.00  |
| 35. Hús Einars B. Kristjánssonar,<br>Staðarhóll í Laugajolti   | 2315   | 2575.00  |
| 36. Hús H. Hansens,<br>við Sundlaugaveg                        | 2316   | 4446.00  |
| 37. Hús Páls Lárussonar,<br>Sjónarhóll í Sogamýri              | 2235   | 34123.00 |
| 38. Hús bæjarsjóð Reykjavíkur,<br>í Skólavörðuholti            | 2317   | 1965.00  |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 5. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 23. júní lögð fram. 4. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 4. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Lagður fram útdráttur úr fundargerð heilbrigðisnefndar 4. júlí.- Tillögur nefndarinnar í 3. og 4. lið samþ. með shlj. atkv.

VII. 2. umræða um frumvarp til samþykktar um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga. Forseti tók málið af dagskrá.

Hérmeð var dagskrá lokið, en Hallgrími Benediktssyni var left að hreyfa máli utan dagskrár. Ræddi hann um umferðina á götum bæjarins og hver nauðsyn bæri til að ráða bót á þeirri óreglu, sem á henni væri. - Urðu um málið nokkrar umræður, en engin ályktun gerð.

Lestri fundargerðar og staðfestingu frestað til næsta fundar, sökum þess að nokkrir bæjarfulltrúar voru farnir af fundi, svo að fundurinn var ekki ályktunarhæfur..

Fundi slitið kl. 5.45.

K.Zimsen. Pétur Magnússon. Þórður Sveinsson. Björn Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Hallbjörn Halldórsson. Hallgr. Benediktsson. Stefán Jóhann Stefánsson. Ágúst Jósefsspm.

Arið 1927, fimmtudaginn 21. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.20 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Pétur Magnússon, Björn Ólafsson, Hallbjörn Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóh. Stefánsson, Þórður Sveinsson, Hallgrímur Benediktsson.

Pétur Magnússon stýrði fundinum.

Utanbæjar voru þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdiarsson, Jón Ásbjörnsson, Jón Ólafsson, Jónatan Þorsteinsson, Pétur Halldórsson.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- II. Fundargerð fasteignanefndar frá 19. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 14. júlí lögð fram.

IV. Fundargerð veganefndar frá 18. júlí lögð fram.

1. - 8. liður samþ. með sglj. atkv.

9. liður samþ. með shlj. atkv.

Í sambandi við fundargerðina flutti

Björn Ólafsson svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að krefjast þess af lögreglustjóra, að lögregluþjónar verði hér eftir látnir stjórna umferð á gatnamótum í bænum, þar sem hætta stafar af umferðinni, þann hluta dags, sem hún er mest."

Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 19. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Utan dagskrár var lesið bréf frá Magnúsi Einarssyni dýralækni dags. 19. júlí, um eftirlit með mjólk og mjólkursölu og stofnun á mjólkurlaboratoríi.- Málinu vísað til heilbrigðisnefndar og fjárhagsnefndar.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.30.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Hallgr. Benediktsson. Björn Ólafsson. Hallbjörn Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Þórður Sveinsson. Stefán Jóhann Stefánsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 4. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Ágúst Jósefsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Pétur Magnússon, Ólafur Friðriksson og Jónatan Þorsteinsson.

Hallbjörn Halldórsson, Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson og Pétur Halldórsson boðuðu forföll.

Jón Ólafsson kom á fundinn kl. 5.20..

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabóta virðingar samþykktar:

|   | brnr.: | Krónur:   |
|---|--------|-----------|
| 1. Hús Þorleifs Jónssonar<br>nr. 23 við Fálkagötu                     | 1469   | 8558.00   |
| 2. Hús Ólafs Eliássonar,<br>nr. 11 við Holtsgötu                      | 1586   | 940.00    |
| 3. Hús Styrktarsjóðs vétstjórafélags Íslands<br>nr. 38 við Framnesveg | 2324   | 50646.00  |
| 4. Hús Hafliða Sæmundssonar,<br>nr. 5 við Nönnugötu                   | 1549   | 9023.00   |
| 5. Hús Jóns Stefánssonar,<br>nr. 17 við Laugaveg                      | 274    | 1696.00   |
| 6. Hús Stefáns Jóhannssonar<br>við Sólvallagötu                       | 2300   | 32576.00  |
| 7. Hús Guðjóns Gíslasonar,<br>nr. 61 við Hverfisgötu                  | 619    | 7090.00   |
| 8. Hús Boga A.J. Þórðarsonar<br>nr. 8 við Frakkastíg                  | 2105   | 44420.00  |
| 9. Hús Sveinbjörns Kristjánssonar,<br>nr. 105 við Laugaveg            | 2297   | 56153.00  |
| 10. Hús Sveinbjörns Jónssonar,<br>nr. 21 við Lokastíg                 | 1850   | 10362.00  |
| 11. Hús Þ. Petersen, Gamla Bíó,<br>við Ingólfsstræti                  | 2325   | 255223.00 |
| 12. Hús Herborgar Hrefnu Ólafsdóttur,<br>nr. 11 við Njálsgötu         | 1337   | 1528.00   |
| 13. Hús Lusinde Sigurðson,<br>nr. 2 við Grundarstíg                   | 2326   | 39699.00  |
| 14. Hús Ögmundar H. Stephensen,<br>Hélabrekku á Grímsstaðaholti       | 1058   | 304.00    |
| 15. Hús Einars Þórðarsonar,<br>Litlahlíð í Sogamýri                   | 2314   | 11990.00  |
| 16. Hús Sigurðar Símonarsonar<br>við Langholt                         | 2327   | 2021.00   |
| 17. Hús Ríkarðar Jónssonar,<br>Hæ íðarendi í Laugarási                | 2328   | 3426.00   |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 30. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv..

Í sambandi við fundargerðina bar Ólafur Friðriksson fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að sjá um, að skúrinn, sem nefndur er "Örtröð" nálægt Elliðaám verði tafarlaust rifinn, eða fluttur burt."

Tillagan samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 28. júlí lögð fram.

IV. Fundargerð vatnsnefndar frá 28. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Hérmeð var dagskránni lokið, en beiðni Ólafs Friðrikssonar um að meða hreyfa máli utan dagskrár var þá borin undir atkvæði og samþykkt með 7:2 atkv.

Bar þá Ólafur Friðriksson fram svohljóðandi tillögu:  
Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að sjá um að allir starfsmenn bæjarins fái sumarleyfi, þar með taldir allir sem vinna að grjótnámi, sandnámi, gatnagerð, hreinsun o.s. frv.

Var viðhaft nafnakall um málið tillöguna og sögðu:

|                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| já:                      | nei:                     |
| Agúst Jósefsson          | Borgarstjóri             |
| Jón Ásbjörnsson          | Guðmundur Ásbjörnsson    |
| Ólafur Friðriksson       | Hallgrímur Benediktsson, |
| Stefán Jóhann Stefánsson | Jón Ólafsson             |
|                          | Jónatan Þorsteinsson.    |

Pétur Magnússon greiddi ekki atkvæði.

Tillagan var þannig felld með 5:4 atkvæðum.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.10 síðdegis.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ásbjörnsson, Hallgr. Benediktsson. Stefán Jóhann Stefánsson. Ólafur Friðriksson. Jón Ólafsson. Jón Ólafsson. Agúst Jósefsson. Pétur Halldórsson.

|                          |                         |
|--------------------------|-------------------------|
| já:                      | nei:                    |
| Borgarstjóri             | Agúst Jósefsson         |
| Ólafur Friðriksson,      | Ólafur Friðriksson,     |
| Guðm. Ásbjörnsson,       | Stefán Jón. Stefánsson, |
| Hallgrímur Benediktsson, |                         |
| Jón Ásbjörnsson,         |                         |
| Jón Ólafsson             |                         |
| Pétur Halldórsson.       |                         |

VI. Fundargerð rannsóknar frá 9. ágúst lögð fram og samþ. með samhljóða atkv.

VII. 2. umræða um vatnshæð í Skólavörðslu (1. liður Fundargerðar vatnshæðar frá 28. júlí).  
Till. nefndarlimar samþ. með samhlj. atkv.

VIII. Útvarasmál. Ákveðið að reða það fyrir luktum dyrum og vika áheyrendur þá af fundarstað.  
J. K. Rasmussen verkfr. Útvarið fært niður í 600 kr. ár 1000 kr.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.10 síðdegis.

Guðm. Ásbjörnsson, K.Zimsen, Jón Ásbjörnsson, Stefán Jón. Stefánsson, Jón Ólafsson, Hallgr. Benediktsson, Pétur Halldórsson, Agúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Pétur Þórður Sveinsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 18. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Agúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Hóhann Stefánsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Jón Ólafsson. Björn Ólafsson kom á fundinn kl. 5.30.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- II. Fundargerð fasteignarnefndar frá 16. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- III. Fundargerð hafnarnefndar frá 15. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- IV. Fundargerð skólanefndar frá 9. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. ágúst lögð fram.
  1. liður samþ. með shlj. atkv.
  - Útaf 2. lið flutti Ólafur Friðriksson svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ákveður að fresta að taka ákvörðun um hvort lán skuli gamalmennahælisjóð bæjarins, þar til rannsakað hefir verið og gerð áætlun um bæjarrekið elliheimi."

Tillagan felld með 6:3 atkv.
  2. liður var síðan samþ. með 7:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

|                          |                         |
|--------------------------|-------------------------|
| já:                      | nei:                    |
| Borgarstjóri             | Agúst Jósefsson         |
| Björn Ólafsson,          | Ólafur Friðriksson,     |
| Guðm. Ásbjörnsson,       | Stefán Jón. Stefánsson, |
| Hallgrímur Benediktsson, |                         |
| Jón Ásbjörnsson,         |                         |
| Jón Ólafsson             |                         |
| Pétur Halldórsson.       |                         |

  3. liður samþ. með shlj. atkv.
  - Till. Stefáns Jón. Stefánssonar um að fresta
  4. lið felld með 7:3 atkv.
  4. liður samþ. með 7:2 atkv. .
- VI. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 9. ágúst lögð fram og samþ. með samhljóða atkv.
- VII. 2. umræða um vatnsæð í Skúlagötu (1. liður fundargerðar vatnsnefndar frá 28. júlí).

Till. nefndarinnar samþ. með shlj. atkv.
- VIII. Útsvarsmál. Ákveðið að ræða það fyrir luktum dyrum og viku áheyrendur þá af fundarstað.

J. M. Rasmussen verkfr. Útsvarið fært niður í 600 kr. úr 1000 kr.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.10 síðdegis.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Jón Ásbjörnsson. Stefán Jón. Stefánsson. Jón Ólafsson. Hallgr. Benediktsson. Pétur Halldórsson. Agúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. handsalað. Þórður Sveinsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 1. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Björn Ólafsson, Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Magnússon og Jón Ásbjörnsson. Jón Ólafsson og Þórður Sveinsson komu á fundinn kl. 5.20.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar deá 27. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
  - II/ Fundargerð fasteignanefndar frá 30. ágúst lögð fram.
    1. og 2. liður samþ. með shlj. atkv.
    - Till. meiri hluta nefndarinnar í 3. lið samþ. með 7:5 atkv.
    - Till. Jóns Ásbjörnssonar, um að 4. lið sé frestað og vísað til samvinnunefndar til athugunar samþ. með 7:3 atkv.
    - 5.-10. liður samþ. með shlj. atkv.
    - Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum samþ. með shlj. atkv.
  - III. Fundatgerð fátækranefndar frá 25. ágúst lögð fram.
  - IV. Önnur umræða um kaup á húseigninni nr. 64 við Vesturgötu (3. liður fundargerðar fjárhagsnefndar 16. ágúst).
    - Till. nefndarinnar samþ. með shlj. atkv.
  - V. Kosning annars endurskoðanda Íþróttavallarins.
    - Með því að Hallgrímur Benediktsson bæjarfulltrúi var einntilnefndur til að vera í kjöri, þá lýsti forseti hann rétt kosinn, sem endurskoðanda Íþróttavallarins.
  - VI. Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.
    - Fundi slitið kl. 6.30 síðdegis.
- Guðm. Ásbjörnsson. Björn Ólafsson. Jón Ólafsson. Stefán Jóhann Stefánsson. Pétur Magnússon. Jón Ásbjörnsson.  
 H. Guðmundsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson.  
 Pétur Halldórsson. Hallbjörn Halldórsson. Þórður Sveinsson.



Árið 1927, fimmtudaginn 25. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Björn Ólafsson, Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Hallgrímur Benediktsson, Jón Ólafson.

Pétur Mafnússon kom kl. 5.35.

IV. Jökullinn og Eggertur fasteignafundur

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

|  | brbnr.: | Krónur:  |
|--|---------|----------|
| 1. Hús Kristjáns Kristjánssonar nr. 6. við Kirkjugarðsstíg | 1875    | 32849.-  |
| 2. Hús Jóhanns Pálssonar, nr. 15 við Holtsgötu             | 2345    | 16687.00 |
| 3. Hús Hallgríms Jónssonar, Borgarholt við Kaplaskjólsvæg  | 2035    | 21891.00 |
| 4. Hús Ingimundar Péturssonar, Melbletti 8                 | 2236    | 6550.00  |
| 5. Hús Jóhannesar Jónssonar, við Þrastargötu               | 2144    | 4850.00  |
| 6. Hús Sveins Jónssonar við Ránargötu                      | 2346    | 17650.00 |

Samþykkt var með shlj. atkv. að fresta að taka ákvörðun um 7. brunabótavirðingu (hús Eggerts Lárussonar nr. 23 við Bergþórugötu).

Ennfremur voru samþykkt þessar virðingar:

|   | brbnr.: | Krónur:   |
|---|---------|-----------|
| 8. Hús ríkissjóðs Íslands nr. 108 við Laugaveg                            | 882     | 79644.00  |
| 9. Hús Björns Jónssonar, nr. 99 við Laugaveg                              | 2306    | 40790.00  |
| 10. Hús Guðm. Guðjónssonar og Brynjólfs Sigurðssonar nr. 82A við Laugaveg | 899     | 14401.00  |
| 11. Hús Þorsteins Jóhannssonar, nr. 68 við laugaveg                       | 732     | 2928.00   |
| 12. Hús Skærings Hróbjartssonar, nr. 51 við Hteyyisgötu                   | 875     | 13133.00  |
| 13. Hús Ásmundar Jónssonar, nr. 58 við Hverfisgötu                        | 537     | 1140.00   |
| 14. Hús Péturs Bjarnasonar, nr. 24 við Njálsgötu                          | 972     | 2163.00   |
| 15. Hús Einars Þórðarsonar í Sogamýri                                     | 2319    | 13577.00  |
| 16. Hús Þorgríms Jónssonar & Co. við Laugarnesveg                         | 23427   | 25340.00  |
| 17. Hús Kornelíusar Sigmundssonar, nr. 19 við Óðinsgötu                   | 1453    | 30503.00  |
| 18. Hús Kristmundar Gíslasonar og Jóns Guðmundssonar nr. 8B við Óðinsgötu | 1217    | 30166.00  |
| 19. Hús Guðrúnar Jónsdóttur, nr. 33 við Þinghóltsstræti                   | 1255    | 30978.00  |
| 20. Hús Jóns Bjarnasonar, nr. 12 við Bræðraborgarstíg                     | 622     | 24672.00  |
| 21. Hús Guðmundar Jónssonar við Öldugötu                                  | 2310    | 46218.00  |
| 22. Hús Hjálpræðishersins nr. 2 við Kirkjustræti                          | 49      | 121420.00 |
| 23. Hús Hallgríms Benediktssonar, nr. 2 við Kirkjustræti Tharvalla        | 44      | 66329.00  |
| 24. Hús Einars Jóhannessonar nr. 43 við Skólavörðustíg                    | 894     | 12826.00  |

II. Lögð fram fundargerð byggingarnefndar frá 10. sept.  
og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. sept. lögð fram.  
1. - 5. liður samþ. með shlj. atkv.  
Till. Ólafs Friðrikssonar í 7. lið felld  
með 6:6 atkv.

IV. Tekinn fyrir 4. liður í fundargerð fasteignanefndar  
30. ágúst (Vallarstræti).  
Útaf máli þessu bar Hallbjörn Halldórsson fram  
svohljóðandi tillögu:  
"Bæjarstjórnin ályktar að ekki skuli fyrst  
um sinn til næsta vors leyft að byggja á  
lóðunum á rananum milli Vallarstrætis og  
Austurstræris frá áframhaldi af vesturbtún  
Thorvaldsensstrætis að Pósyhússtræti."  
Tillaga þessi var felld með 7:6 atkvæðum  
Ennfremur báru Stefán Jóhann Stefánsson og  
Ólafur Friðriksson fram svohljóðandi tillögu:  
"Bæjarstjórn ákveður að breyta skipu-  
lagssáttlun borgarinnar þannig, að stærð  
Austurvallar og breidd Vallarstrætis gengt  
Austurstrætivelli haldist óbreytt."  
Tillaha þessi var samþ. með 8:6 atkv.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. sept. lögð fram og  
samþykkt með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 13. sept. lögð fram.  
Út af 1. lið bar Ólafur Friðriksson fram  
svohljóðandi tillögu:  
"Bæjarstjórn ákveður að verða við beiðni Starfs-  
mannafélags Reykjavíkur, sem getið er um í  
1. lið."  
Ennfremur bar héðinn Valdimarsson fram þessa tillögu:  
"Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að veita  
föstum starfsmönnum bæjarins öðrum en þeim,  
sem eru í þrem hæstu launaflokkum, aukadýrtíðar-  
uppbót fyrir yfirstandandi ár, 50 kr. á hvern  
skylduómaga."  
Varatillaga: "Í staðinn fyrir 50 kr. komi 25 kr. á  
hvern skylduómaga."  
Þá bar Björn Ólafsson fram þessa tillögu:  
"Legg til, að 1. lið fundargerðar fjárhagsnefnd-  
ar 13. sept. sé frestað til næsta fundar."  
Tillaga Björns Ólafssonar felld með 7:7 atkv.  
Samþ. var með shlj. atkv. að vísa máli þessu til 2.  
umræðu.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 8. sept. lögð fram.

VIII. Fundargerð Skólanefndar frá 15. sept. lögð fram.  
1.-3. og 5.-6. liður samþ. með shlj. atkv.

23. Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.30 síðdegis.  
Hallgrímur Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen.  
Pétur Magnússon. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson.  
Ólafur Friðriksson. Þórður Sveinsson. Hallbjörn Halldórsson.  
Héðinn Valdimarsson.

Arið 1927, fimmtudaginn 6. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallbjörn Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Jón Ólafsson. Pétur Halldórsson og Björn Ólafsson komu kl. 5.30.

Þetta gerðist á fundinum:

| I. Brunabótavirðingar samþykktar:              |                                   | brbnr.: | Krónur: |
|--|-----------------------------------|---------|---------|
| 1. Hús Sveins Einarssonar                      | Heiðarvöllur við Laugarnesveg     | 2355    | 13395.- |
| 2. Hús Þorvaldar Einarssonar,                  | við Laugarnesveg                  | 2356    | 13170.- |
| 3. Hús Guðmundar Sigurðssonar                  | við Sundlaugaveg                  | 2357    | 3385.-  |
| 4. Hús Jóns Sigurðssonar                       | við Laugaveg                      | 2322    | 24885.- |
| 5. Hús Theodóru Stefánsdóttur                  | við Hverfisgötu                   | 2358    | 46373.- |
| 6. Hús Jóns Gestssonar,                        | nr. 77 B. við Laugaveg            | 856     | 12952.- |
| 7. Hús Haraldar S.H.Jónssonar,                 | nr. 47 við Grettisgötu            | 2155    | 20596.- |
| 8. Hús Guðlaugar Jónsdóttur,                   | nr. 47 við Klapparstíg            | 1340    | 25001.- |
| 9. <del>Hús Bergmanns</del> Hús G.J.Bergmanns, | við Ljósvallahötu                 | 2334    | 17253.- |
| 10. Hús Guðm. Jónssonar við                    | Ljósvallagötu                     | 2333    | 18253.- |
| 11. Hús Lárusar Lárussonar                     | við Sólvallagötu                  | 2359    | 47030.- |
| 12. Hús Guðlaugs Ingimundarsonar               | við Ásvallagötu                   | 2308    | 39908.- |
| 13. Hús Einars Hróbjartssonar                  | nr. 19 við Brekkustíg             | 1886    | 39508.- |
| 14. Hús Guðgeirs Jónssonar                     | nr. 6 við Brekkustíg              | 2360    | 26371.- |
| 15. Hús Samúels Guðmundssonar                  | við Ránargötu                     | 2339    | 26765.- |
| 16. Hús Jóns Árnasonar                         | við Ránargötu                     | 2340    | 18570.- |
| 17. Hús Þorsteins Sveinbjörnssonar og Sveins   | Þórðarsonar nr. 45 við Vesturgötu | 288     | 20568.- |
| 18. Hús Messíönu Guðmundsdóttur                | nr. 19 við Vesturgötu             | 2363    | 28752.- |
| 19. Hús Ara Kr. Eyjólfssonar                   | við Laugaveg                      | 2323    | 28800.- |
| 20. Hús Bjarna Magnússonar                     | nr. 66 við Laugaveg               | 723     | 42905.- |
| 21. Hús Alexanders Jóhannessonar               | nr. 26 við Grettisgötu            | 820     | 16520.- |
| 22. Hús Einars B. Kristjánssonar               | nr. 31 B við Njálsgöt7            | 2335    | 16347.- |
| 23. Hús Tryggva Árnasonar                      | nr. 9 við Njálsgötu               | 1268    | 18033.- |
| 24. Hús Vilhjálms Bjarnasonar                  | nr. 28 B við Lokastíg             | 1786    | 20378.- |
| 25. Hús Einars Sveins Einarssonar              | nr. 7 við Lokastíg                | 2321    | 27879.- |

|  | brbnr.: | Kr.:    |
|--|---------|---------|
| 26. Hús Magney Andrésdóttur<br>nr. 3 við Týsgötu   | 2078    | 44558.- |
| 27. Hús Þórðar Þorsteinssonar<br>nr. 10 við Nönnugötu  | 1688    | 22695.- |
| 28. Hús Ingólfs Guðmundssonar<br>nr. 6 C við Bókhlöðustíg  | 2298    | 29136.- |
| 29. Hús Jóhanns Ólafssonar & Co.<br>nr. 3 B við Laugaveg   | 1448    | 23180.- |
| 30. Hús Helga Jónssonar<br>nr. 33 við Njarðargötu  | 2362    | 29241.- |
| 31. Hús Lofts Loftssonar<br>við Tryggvagötu  | 1412    | 39960.- |
| 32. Hús Tryggva Árnasonar,<br>nr. 8 við Njálsgötu  | 2364    | 15976.- |
| 33. Hús Þorvaldar Jónssonar og Jósefs Egg-<br>ertssonar, nr. 5 við Kárástíg  | 1056    | 16067.- |
| 34. Hús Bjarna Guðnasonar<br>nr. 6 við Hallveigarstíg  | 2341    | 40191.- |
| 35. Hús Kristins Ármannssonar<br>við Sólvallagötu  | 2361    | 32793.- |
| 36. Hús Þorkels Helgasonar<br>nr. 25 við Bræðraborgarstíg  | 525     | 38571.- |
| 37. Ennfremur var samþykkt brunabótavirðing sú,<br>er frestað var á síðasta fundi bæjarstjórnar<br>Hús Eggerts Lárussonar<br>nr. 23 við Bergþórugötu | 2279    | 93731.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. okt. lögð fram  
og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. okt. lögð fram  
og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 22. sept. lögð fram.

V. Fundargerð veganefndar frá 3. okt. lögð fram  
og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 23. sept. lögð fram.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 30. sept. lögð fram.  
1. liður samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. okt. lögð fram.

IX. Fundargerð hafnarnefndar frá 3. okt. lögð fram.

X. Önnur umræða um aukadýrtíðaruppbót  
handa starfsmönnum bæjarins (sjá VI. lið síðustu  
fundargerðar bæjarstjórnar).

Jón Ásbjörnsson bar fram svohljóðandi tillögu  
"Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir að veita  
föstum starfsmönnum bæjarins, þeim sem hafa  
fjóra skylduómaga eða fleiri á framfæri og  
eigi eru í neinum af þremur hæstu launaflokk-  
unum, aukadýrtíðaruppbót fyrir yfirstandandi  
ár, 35 krónur á hvern skylduómaga."

Ólafur Friðriksson bar fram svohljóðandi við-  
aukatillögu við varatillögu Héðins Valdimarssonar í  
VI. lið síðustu fundargerðar, að á eftir otöunum

"25 kr. á hvern skylduómaga "

komi:

Árið 1927 "nema fjórir ómagar séu, þá 33 kr. á hvern."  
Þá var gengið til atkvæða um málið:  
Tillaga Ólafs Friðrikssonar frá síðasta fundi  
var felld með 7:5 atkv.  
Varatillaga Héðins Valdimarssonar frá síðasta fundi  
var felld með 7:5 atkv.  
Vara vara tillaga Héðins Valdimarssonar með viðauka-  
tillögu Ólafs Friðrikssonar  
felld með 6:5 atkv.  
Tillaga Jóns Ásbjörnssonar var samþykkt  
með 4:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli  
og sögðu:

| Já:                     | Nel:                  |
|-------------------------|-----------------------|
| Hallgrímur Benediktsson | Borgarstjóri          |
| Jón Ásbjörnsson         | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Jón Ólafsson            | Ólafur Friðriksson    |
| Þórður Sveinsson        |                       |

Ágúst Jósefsson, Björn Ólafsson, Hallbjörn  
Halldórsson, Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson  
og Pétur Halldórsson greiddu ekki atkvæði.

XI. Um söfnun atvinnuleysisskýrsluma.  
Út af máli þessu, bar Haraldur Guðmundsson fram  
svo hljóðandi tillögu:  
"Bæjarstjórnin ályktar að láta safna skýrslum  
um atvinnulausa menn og hagi þeirra í svipuðum  
grundvelli og síðastliðið ár. Fari skýrslu-  
söfnunin fram um miðjan næsta mánuð."  
Tillagan var felld með 7:5 atkv.

XII. Útsvarsmál.  
Ákveðið var að ræða þau mál fyrir luktum dyrum,  
og viku þá áheyrundur af fundarstað.  
1. Útsvar Þórðar Magnússonar, Öldugötu.  
Samþykkt var að fella niður eftirstöðvar af útsvari  
hans fyrir 1926 kr. 350.-  
2. Júlíus Júlíusson, skipstjóri á E/S Brúarfossl.  
Útsvar hans árið 1926 lækkað úr 600 kr.  
í 300 kr.  
3. Lárus Blöndal Bjarnason, stýrimaður á E/S Goðafossi.  
Útsvar hans árið 1926 lækkað úr  
300 kr. í 150 kr.  
4. Dánarþú Han P. Hanssonar, Hverfisgötu 63.  
Eftirstöðvar af útsvarinu árið 1927,  
80 kr. felldar burtu.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.40 síðdegis.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Héðinn Valdimarsson.  
Hallgrímur Benediktsson. H. Guðmundsson. Jón Ólafsson.  
Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Hallbjörn Halldórsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 20. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallbjörn Halldórsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Héðinn Valdimarsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Jón Ásbjörnsson og Jón Ólafsson. Pétur Magnússon kom á fundinn kl. 5.20 og Ólafur Friðriksson kl. 5.25.

Þetta gerðist á fundinum:

- I. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. október lögð fram.  
1.-14. liður samþ. með shlj. atkv.  
15. liður samþ. með shlj. atkv.  
Tillaga Héðins Valdimarssonar um að  
16. lið verði vísað aftur til byggingarnefndar til athugunar samþ. með 4:3 atkv.  
17.-18. liður samþ. með shlj. atkv.  
Tillaga nefndarinnar í 19. lið samþ. með 9:3 atkv.  
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu samþ. með shlj. atkv.
- II. Fundargerð fasteignarnefndar frá 18. október lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
- III. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. október lögð fram.
- IV. Fundargerð gasnefndar frá 17. október lögð fram og samþ. í heild með samhlj. atkv.
- V. Fundargerð vatnsnefndar frá 12. október lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
- VI. Fundargerð fátækranefndar frá 13. október lögð fram.  
Till. nefndarinnar í 21. lið samþ. með shlj. atkv.
- VII. Fundargerðir fátækranefndar frá 7. og 10. október lagðar fram.  
Samþ. með shlj. atkv. að fresta umræðu um mál það, er ræðir um í fundargerðum þessum.
- VIII. Önnur umræða um kaup á húseigninni nr. 2 við Grundarstíg. (1. liður í fundargerð fasteignarnefndar 4. október) . Tillaga nefndarinnar samþ. með shlj. atkv.

Þá var dagskrá lokið, en Héðni Valdimarssyni var leyft að gera fyrirspurn utan dagskrár um hvað ~~kiði~~ rannsóknnum á Þvottalaugunum og hitaveitu frá þeim.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6 síðdegis.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Jón Ásbjörnsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hallbjörn Halldórsson. Héðinn Valdimarsson. Pétur Magnússon. Ólafur Friðriksson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. H. Guðmundsson.

Árið 1927, fimmtudaginn 3. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og boru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallbjörn Halldórsson, Agúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson og Jón Ásbjörnsson. Stefán Jóhann Stefánsson var fjaeverandi úr bænnum.

Björn Ólafsson og Jón Ólafsson komu á fundinn kl. 5.20. Pétur Halldórsson kom kl. 5.35.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

|   | brbnr: | Kr.:    |
|---|--------|---------|
| 1. Hús Jóns Bergssonar,<br>Fagridalur í Sogamýri                    | 2382   | 15571.- |
| 2. Hús Guðlaugs H. Vigfússonar,<br>við Lauganesveg                  | 2378   | 8252.-  |
| 3. Hús Einars Einarssonar<br>nr. 53 A við Laugaveg                  | 2211   | 20039.- |
| 4. Hús Einars Bjarnasonar<br>við Laugaveg                           | 2344   | 23175.- |
| 5. Hús Jóhanns Tryggva Björnssonar<br>nr. 100 B við Hverfisgötu     | 2320   | 40756.- |
| 6. Hús Jóns Brynjólfssonar,<br>nr. 11 A við Smiðjustíg              | 2168   | 35863.- |
| 7. Hús Sigurðar Sigurðssonar<br>nr. 20 við Lokastíg                 | 2367   | 23552.- |
| 8. Hús Guðm. Halldórssonar<br>nr. 20 A við Lokastíg                 | 2368   | 23412.- |
